



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

SUMARIÐ ER KOMIÐ

**V
O
R
H
Á
T
Í
Ð

4.
J
Ú
N
Í**

Kæru nemendur og forráðamenn

Þriðja starfsári Áslandsskóla lýkur þriðjudaginn 8. júní. Þetta er jafnframt fyrsta heila starfsár mitt sem skólastjóri skólans.

Starfið hefur verið einkar ánægjulegt enda samstarf við nemendur, forráðamenn og starfsfólk með miklum ágætum.

Nú þegar sól hækkar á lofti tekur skólalífið á sig sumarbrag. Nemendur halda í námsferðir með kennurum sínum, viðtalsdagur er mánudaginn 7. júní og skólaslit 8. júní. Gaman væri að sjá sem flesta forráðamenn á skólaslitum en í lok næsta skólaárs mun Áslandsskóli útskrifa fyrsta nemendahópinn í sögu skólans.

Gengið hefur verið frá ráðningum kennara fyrir næsta skólaár. Þróun á ráðningum kennaramenntaðs fólks við störf í skólanum hefur verið nokkuð hröð. Þegar ég kom að skólanum var hlutfall kennaramenntaðra um 36%, í vetur um 95% en verður næsta vetur 100%. Er ég þó alls ekki að gera lítið úr því góða fólki sem ekki hefur tilskilin réttindi en starfað hefur með miklum ágætum við Áslandsskóla.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 25. maí og var þar ný stjórn kjörin. Vil ég þakka Pétri V. Guðnasyni og hans fólki vel unnin verk í þágu skólans. Einnig mun nýtt foreldraráð taka til starfa og vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim Maríu Kristínu Gylfadóttur, Gísla Magnússyni og Guðrínu Árnadóttur fyrir mjög gott samstarf.

Mikið var rætt um skólafatnað á fundinum og er ljóst að hann er kominn til að vera og þá sem hluti af reglum og stefnu skólans.

Vorhátíð skólans er föstudaginn 4. júní kl. 15:30. Gaman væri að sjá sem flesta.

Ég læt ljóðlínur Páls Ólafssonar verða mína sumarkveðju til nemenda, forráðamanna og starfsmanna Áslandsskóla.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika á kinn
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægrið löng,
og heim í sveitir sendirðu æ
úr suðri hlýjan blæ.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

Skólaslit í Áslandsskóla skólaárið 2003-2004

Skólaslit verða í Áslandsskóla þriðjudaginn 8. júní.

Nemendur í yngri deild, 1. - 4. bekk, mæta á sal skólans kl. 9:00.

Nemendur í miðdeild, 5.– 7. bekk, mæta á sal skólans kl. 10:00.

Nemendur í unglingadeild, 8. og 9. bekk, mæta á sal skólans kl. 11:00.

Forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með nemendum á skólaslitin.

Ný stjórn foreldrafélagsins

Á aðalfundi foreldrafélagsins var ný stjórn kjörin til starfa. Í stjórn félagsins sitja nú:

Fyrir 1. bekk:	Árni Árnason
Fyrir 2. bekk:	
Fyrir 3. bekk:	Ólöf Aðalsteinsdóttir
Fyrir 4. bekk:	Guðný Reynisdóttir
Fyrir 5. bekk:	Kristín Sæmundsdóttir
Fyrir 6. bekk:	Hrönn Hakansson
Fyrir 7. bekk:	Rúna Guðmundsdóttir
Fyrir 8. bekk:	Valgerður Rúnarsdóttir
Fyrir 9. bekk:	
Fyrir 10. bekk:	Erlendur Arnarson

Nýtt stjórnarfolk er boðið velkomið.

Stjórnarfolki sem nú gengur úr stjórn er þakkað fyrir fórnfysi og óeigingjörn störf í þágu Áslandsskóla.

Eins og sjá má hér að ofan vantar fulltrúa í 2. og 9. bekk og eru áhugasamir beðnir að gefa sig fram við einhvern af ofantöldum. Samþykkt voru ný lög foreldrafélagsins á fundinum auk umræðu um skólafatnað sem minnst er á hér til hliðar.

Aðeins hafa 16 heimili gengið frá greiðslu félagsgjalds fyrir þetta skólaár. Augljóst er að slíkt gengur varla. Óskað er eftir að forráðamenn bæti úr og greiði **kr. 800.-** inn á reikning félagsins sem er: **1101-26-1679**, kennitala: **510402-2510**.

Heilsdagsskóli í júní

Heilsdagsskólinn verður opinn síðustu skólavikuna 1.– 4. júní sem og mánudaginn 7. júní. **Foreldrar þurfa að skrá börn sín sérstaklega á skrifstofu skólans og ganga frá greiðslu á staðnum.**

Mikilvægt er að þeir foreldrar/forráðamenn sem hyggjast nýta sér þjónustuna verði búnir að ganga frá skráningu og greiðslu fyrir fimmtudaginn 27. maí.

ALLIR nemendur í skólafatnað


Á aðalfundi foreldrafélags skólans var rætt um skólafatnað í Áslandsskóla. Leifur S. Garðarsson skólastjóri flutti erindi og að því loknu var skipst á skoðunum.

Mikill einhugur var í fólki og ákveðið að skipa skólafatnaðarnefnd sem skipuleggur næstu skref.

Hins vegar er alveg ljóst að skólafatnaður er kominn til að vera í Áslandsskóla og ekki verður lagt upp með að notkun hans sé val nemenda. Skólafatnaður verður hluti af skólastefnu og reglum skólans.

Nefndin mun kanna með þann fatnað sem til er en vilji var að kanna með tilboð í örlítið öðruvisi flíkur fyrir nemendur.

Likleg útfærsla er: buxur, bolir og fleece peysa í yngri deild. Bolir og fleece peysa í miðdeild og bolir, háskólabolur/ hettupeysa/fleece peysa í unglingadeild.



Listmunir og óskilamunir

Viðtalsdaginn 7. júní þegar forráðamenn koma ásamt nemendum til viðtals hjá umsjónarkennara, munu þeir munir sem nemendur hafa ekki tekið með sér heim úr list- og verkgreinum verða til afhendingar í aðalanddyri skólans. Munir verða ekki geymdir eftir þennan dag.

Einnig verður hægt að vitja óskilamuna í anddyri skólans ella verður sá stóri bunki sendur til Rauða Krossins.

Vorhátíð Áslandsskóla föstudaginn 4. júní Dagskrá hefst kl. 15:30 - Mætum öll

Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri